

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 3. júlí 2006 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010 frá 31. ágúst 2001.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Þrándarstaðir: Landnotkun á tveimur svæðum, 6,43 ha og 8,06 ha breytist úr landbúnaðarsvæði í blandaða landnotkun íbúðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota.
- Eyvindará: Svæði fyrir blandaða landnotkun íbúðarbyggðar og landbúnaðarsvæðis stækkar úr 17 ha í 25 ha.
- Uppsálar: Landnotkun á 16,8 ha svæði breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.
- Fossgærði: Landnotkun á 59,7 ha svæði breytist úr landbúnaðarsvæði og iðnaðarsvæði í opið svæði til sérstakra nota.
- Egilsstaðaháls: Landnotkun á 58,1 ha svæði, milli Þjóðveggar 92 og Eyvindarár og frá Háslæk að landamörkum við Egilsstaði, breytist úr landbúnaðarsvæði, svæði fyrir frístundabyggð og opnu svæði til sérstakra nota í blandaða landnotkun frístundabyggðar og opins svæðis til sérstakra nota.
- Ketilsstaðir: Bætt er við 24.000 m² efnistökusvæði á bökkum Grímsár en svæðið var áður skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Jafnframt breytist 3,3 ha landbúnaðarsvæði við Lagarfljót í svæði fyrir frístundabyggð.
- Unalækur: Landnotkun á 70 ha landbúnaðarsvæði breytist í blandaða landnotkun frístundabyggðar, íbúðarbyggðar og opins svæðis til sérstakra nota.
- Úlfsstaðir: Svæði fyrir frístundabyggð stækkar úr 14,8 ha í 17,9 ha á kostnað landbúnaðarsvæðis.
- Fellabær: Þéttbýlið í Fellabæ stækkar úr 146 ha í 157,73 á kostnað landbúnaðarsvæðis.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fljótaldshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 3. júlí 2006.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.